

ARÐBÆR INNRI VÖXTUR Á ÖÐRUM ÁRSFJÓRÐUNGI 2012

- | EBITDA 28,8 milljónir USD og eykst um 11,8 milljónir USD á milli ára.
- | Tekjuaukning 15% frá sama tímabili í fyrra.
- | Eiginfjárlutfall 31%.
- | Handbært fé frá rekstri 72,2 milljónir USD samanborið við 42,9 milljónir USD árið áður.

Búsundur USD	2. ársfj. 2012	2. ársfj. 2011	Breyting	6 mán. 2012	6 mán. 2011	Breyting
Rekstrarreikningur						
Heildartekjur	234.395	204.153	30.242	392.093	334.798	57.295
EBITDAR	42.891	31.711	11.180	54.027	44.631	9.396
EBITDA	28.818	17.016	11.802	25.770	15.401	10.369
EBIT	14.514	5.075	9.439	-2.209	-6.630	4.421
EBT	17.811	3.683	14.128	1.184	-11.473	12.657
Hagnaður / tap tímabilsins	14.319	3.332	10.987	1.130	-5.813	6.943
Efnahagsreikningur						
Heildareignir	821.678	771.485	50.193	821.678	771.485	50.193
Eigið fé	253.692	224.633	29.059	253.692	224.633	29.059
Vaxtaberandi skuldir	167.096	177.423	-10.327	167.096	177.423	-10.327
Nettó vaxtaberandi skuldir	-21.994	27.504	-49.498	-21.994	27.504	-49.498
Sjóðsstreymi						
Veltufé frá rekstri	38.429	25.198	13.231	40.886	20.247	20.639
Handbært fé frá rekstri	72.214	42.890	29.324	158.352	112.890	45.462
Fjárfestingahreyfingar	-16.826	-13.017	-3.809	-29.335	-65.546	36.211
Fjármögnunarahreyfingar	-10.214	-27.977	17.763	-35.928	-18.899	-17.029
Handbært fé í lok tímabils	172.135	123.812	48.323	172.135	123.812	48.323
Lykiltölur						
Afkoma á hlut	0,36	0,09	300%	0,03	-0,14	121%
Innra virði hlutfjár	6,25	5,54	13%	6,25	5,54	13%
Eiginfjárlutfall	31%	29%	2 %-stig	31%	29%	2 %-stig
Veltufjárlutfall	0,84	0,91	-8%	0,84	0,91	-8%
Fjárfestingar	20.667	21.126	-429	43.675	55.032	-11.357
Flutningatekjur sem % af heildartekjum	68%	64%	4,4 %-stig	64%	60%	4,0 %-stig
EBITDAR hlutfall	18,3%	15,5%	2,8 %-stig	13,8%	13,3%	0,4 %-stig
EBITDA hlutfall	12,3%	8,3%	4,0 %-stig	6,6%	4,6%	2,0 %-stig
Hlutabréf íslenskar krónur						
Hæsta verð á tímabili	6,66	4,98	34%	6,66	4,98	34%
Lægsta verð á tímabili	6,10	4,27	43%	4,83	3,09	56%
Lokaverð tímabils	6,61	4,98	33%	6,61	4,98	33%
Markaðsvirði í lok tímabils (milljónir)	30.050	24.900	33%	30.050	24.900	33%

Allar samanburðatölur fyrra árs eru þýddar yfir í USD miðað við árslokagengi 2011, sem var 122,6 ISK.

BJÖRGÓLFUR JÓHANSSON, FORSTJÓRI

„Afkoma félagsins á öðrum ársfjórðungi var góð og talsvert betri en á sama tímabili 2011. Arðbær innri vöxtur einkenndi fjórðunginn og þá sérstaklega í millilandaflugi félagsins. Farþegum fjölgaði mikið og einkum á markaðinum milli Evrópu og Norður-Ameríku. Einnig var töluverður vöxtur á ferðamannamarkaðnum til Íslands sem hefur jákvæð áhrif á rekstur samstæðunnar og alla íslenska ferðaþjónustu.

Félagið hefur aldrei fyrr verið með eins umfangsmikla starfsemi og það er margt sem þarf að ganga upp til að ná þeim árangri sem við uppskerum nú. Það er ástæða til að þakka okkar samhenta og metnaðarfulla starfsfólki hvernig til hefur tekist.

Reksturinn á fyrri hluta ársins var yfir áætlunum félagsins og horfur fyrir síðari hluta ársins eru jákvæðar. Miðað við núverandi rekstrarforsendur er gert ráð fyrir að EBITDA ársins muni verða á bilinu 110-115 milljónir USD, sem er hækkun frá því sem áður var tilkynnt um.“

FLUTNINGATÖLUR

- | Farþegar í millilandaflugi á öðrum ársfjórðungi voru 548 þúsund og fjölgaði um 18%.
- | Sætanyting 82,2% og hefur aldrei verið hærri á öðrum ársfjórðungi.
- | Samdráttur í seldum blokk tímum í leiguflugi vegna fækkunar um eina fraktvél á milli ára.

	2.ársfj. 2012	Breyting	6 mán. 2012	Breyting
MILLILANDAFLUG				
Farþegafjöldi ('000)	548,0	18%	852,9	18%
Sætanyting (%)	82,2	2,7 %-stig	79,7	3,4 %-stig
Framboðnir sætiskílómetrar ('000)	1.910	17%	3.009	14%
INNANLANDS- OG GRÆNLANDSFLUG				
Farþegafjöldi ('000)	91,9	3%	172,4	4%
Sætanyting (%)	70,0	1,9 %-stig	70,3	1,8 %-stig
Framboðnir sætiskílómetrar ('000)	45.079	-2%	80.895	0%
LEIGUFLUG				
Flotanyting (%)	94,8	0,5 %-stig	90,7	-4,0 %-stig
Seldir blokk tímar	7.808	-15%	15.920	-10%
FRAKTFLUG				
Framboðnir tonn kílómetrar ('000)	47.169	10%	83.862	10%
Seldir tonn kílómetrar ('000)	23.115	28%	45.246	23%
HÓTEL				
Framboðnar gistinætur	75.788	20%	129.870	17%
Seldar gistinætur	54.533	23%	87.953	27%
Herbergjanýting (%)	72,0	1,9 %-stig	67,7	5,2 %-stig

Á öðrum ársfjórðungi jókst framboð í millilandaflugi um 17% á milli ára og farþegum fjölgaði á sama tíma um 18%. Farþegaaukning varð á öllum mörkuðum, en mest var hún á markaðinum á milli Evrópu og Norður-Ameríku eða 28%. Farþegar á þessum markaði voru 43% af heildarfarþegafjölda félagsins í fjórðungnum. Sætanyting var 82,2% sem er sú hæsta frá upphafi á öðrum ársfjórðungi og jókst um 2,7 prósentustig frá fyrra ári.

Farþegar í innanlands- og Grænlandsflugi voru tæplega 92 þúsund í fjórðungnum og fjölgaði um 3% miðað við sama tímabil í fyrra. Sætanyting nam 70,0% og jókst um 1,9 prósentustig á milli ára.

Flotanýting í leiguflugsverkefnum jókst um 0.5 prósentustig og nam 94,8%. Seldum blokk tímum í leiguflugi á fjórðungnum fækkaði um 15% á milli ára, þar sem fraktvélar í leiguflugsverkefnum voru einni færri en á sama tímabili síðasta árs. Fjöldi seldra gistinotta jókst um 23% á öðrum ársfjórðungi. Herbergjanýtingin nam 72,0% og jókst um 1,9 prósentustig miðað við á sama tímabili á síðasta ári.

REKSTUR ANNARS ÁRSFJÓRÐUNGS

EBITDA var jákvæð um 28,8 milljónir USD á öðrum ársfjórðungi og jókst um 11,8 milljónir USD miðað við sama tímabil 2011. **EBITDA-hlutfall** hækkaði og var 12,3% en var 8,3% á öðrum ársfjórðungi 2011. Bætingin er aðallega tilkomin vegna arðbærðs innri vaxtar, þá sérstaklega í millilandaflugi. **EBIT** var 14,5 milljónir USD en var 5,1 milljón USD á sama tímabili árið á undan. **Hagnaður eftir skatta** var 14,3 milljónir USD en á sama tímabili 2011 nam hagnaður 3,3 milljónum USD.

Þúsundir USD	2. ársfj. 2012	2. ársfj. 2011	Breyting
EBITDAR	42.891	31.711	11.180
EBITDA	28.818	17.016	11.802
EBIT	14.514	5.075	9.439
EBT	17.811	3.683	14.128
Hagnaður tímabilsins	14.319	3.332	10.987
EBITDAR %	18,3%	15,5%	2,8 %-stig
EBITDA %	12,3%	8,3%	4,0 %-stig

TEKJUR

- Heildartekjur voru 15% hærrí en á öðrum ársfjórðungi 2011.
- Farþegatekjur jukust um 24% á milli ára.
- Aukning ferðamanna til Íslands eykur tekjur af ferðatengdri þjónustu.

Þúsundir USD	2. ársfj. 2012	2. ársfj. 2011	Breyting
Flutningatekjur	161.295	130.885	30.410
Flugvéla- og áhafnaleiga	29.106	37.645	-8.539
Aðrar rekstrartekjur	43.994	35.623	8.371
Samtals	234.395	204.153	30.242

Flutningatekjur jukust um 30,4 milljónir USD eða um 23%, þar af hækkuðu tekjur af farþegaflutningum um 29,5 milljónir USD eða 24%. Mikil aukning varð í fjölda farþega á fjórðungnum og nam aukningin í millilandaflugi 18% og í innanlandsflugi 3%. **Tekjur af leiguflugi** drógust saman um 8,5 milljónir USD. Fraktvélar í leiguflugsverkefnum voru einni færri í ár miðað við síðasta ár og skýrir það samdráttinn að stærstum hluta. **Aðrar rekstrartekjur** hækkuðu um 8,4 milljónir USD eða um 27% miðað við annan ársfjórðung 2011, þar af jukust tekjur af ferðþjónustu um 3,6 milljónir USD.

KOSTNAÐUR

- Heildarkostnaður jókst um 18,4 milljónir USD.
- Kostnaðarhækkunarir eru að mestu tilkomnar vegna aukningar á framboði í millilandaflugi.

Púsundir USD	2. ársfj. 2012	2. ársfj. 2011	Breyting
Laun og annar starfsmannakostnaður	52.760	50.112	2.648
Eldsneytiskostnaður	58.693	48.442	10.251
Flugvéla- og áhafnaleiga	19.738	23.369	-3.631
Afgreiðslu-, lendingar og yfirflugsgjöld	17.488	15.898	1.590
Viðhaldskostnaður flugvéla	12.541	15.077	-2.536
Annar rekstrarkostnaður	44.357	34.238	10.119
Samtals	205.577	187.137	18.440

Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður hækkuðu um 2,6 milljónir USD eða 5% í samanburði við annan ársfjórðung 2011. Skýrist það af auknu umfangi rekstrar auk áhrifa samningsbundinna launahækkana.

Eldsneytiskostnaður jókst um 10,3 milljónir USD sem er 21% hækkun frá sama tíma í fyrra. Stærstur hluti frávikanna er vegna framleiðsluaukningar eða 8,8 milljónir USD. Heimsmarkaðsverð á eldsneyti lækkaði á milli ára á öðrum ársfjórðungi. Árið 2011 var það að meðaltali 1,059 USD/tonn, en 995 USD/tonn á sama tímabili í ár.

Flugvéla- og áhafnaleiga lækkaði um 3,6 milljónir USD í samanburði við annan ársfjórðung 2011 eða um 17%. Skýrist það meðal annars af því að í lok ársins 2011 keypti félagið tvær Boeing 757 200 vélar sem það hafði áður haft á langtímaleigu, auk þess sem einni fraktvél var skilað á fyrri hluta ársins.

Afgreiðslu-, lendingar- og yfirflugsgjöld hækkuðu um 1,6 milljónir USD á milli ára eða um 10% sem skýrist af auknu framboði ásamt almennum verðhækkunum. **Viðhaldskostnaður** nam 12,5 milljónum USD og lækkaði um 2,5 milljónir USD á milli ára. **Annar rekstrarkostnaður** nam 44,4 milljónum USD og hækkaði um 10,1 milljón USD á milli ára. Af þeirri fjárhæð skýrast 5,6 milljónir USD af aðkeyptri ferðapjónustu vegna aukningar ferðamanna á Íslandi ásamt liðum tengdum auknum farþegatekjum svo sem bókunargjöldum, greiðslukortapóknunum og umboðslaunakostnaði.

FJÁRMAGNSLIÐIR

- Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 3,3 milljónir USD.
- Gengisáhrif voru jákvæð um tæpar 5,0 milljónir USD.

Púsundir USD	2. ársfj. 2012	2. ársfj. 2011	Breyting
Fjármunatekjur	639	2.849	-2.210
Fjármagnsgjöld	-2.286	-3.908	1.622
Gengismunur	4.964	-407	5.371
Samtals	3.317	-1.466	4.783

Fjármunatekjur námu 0,6 milljónum USD og voru 2,2 milljónir USD lægri en á öðrum ársfjórðungi árið 2011. Skýrast frávikin af einskíptis tekjufærslu á síðasta ári að fjárhæð 2,1 milljónir USD. Fjármagnsgjöld á öðrum ársfjórðungi námu 2,3 milljónum USD lækkuðu um 1,6 milljónir USD á milli ára. Gengisáhrif á fjórðungnum voru jákvæð og námu tæpum 5,0 milljónum USD, sem skýrist einkum af lækkun á gengi EUR gagnvart USD.

EFNAHAGUR OG FJÁRHAGSLEG STAÐA

- | Heildareignir voru 821,7 milljónir USD í lok annars ársfjórðungs.
- | Eiginfjárlutfall var 31%.

Þúsundir USD	30.06. 2012	30.06. 2011	Breyting	31.12. 2011
Heildareignir	821.678	771.485	50.193	729.739
Eiginfjárlutfall	31%	29%	1.9 %-stig	36%
Vaxtaberandi skuldir	167.096	177.423	-10.327	196.868
Nettó vaxtaberandi skuldir	-21.994	27.504	-49.498	90.179
Handbært fé og markaðsverðbréf	189.090	149.918	39.172	106.689
Veltufjárlutfall	0,84	0,91	-8%	0,91

Varanlegir rekstarfjármunir námu 287,7 milljónum USD og jukust um 11,6 milljónir USD frá ársbyrjun. Stærsta eign félagsins er flugvélafloti þess. Í lok fjórðungsins voru 37 flugvélar í flugflotanum. Að neðan er yfirlit yfir flota félagsins í lok annars ársfjórðungs.

Flugvélagæð	Icelandair	Icelandair Cargo	Loftleiðir	Flugfélag Íslands	Heildar floti 30.06.12	Eigin vélar	Leigu- vélar	Br. frá 31.12.11
B757 200	15	4	3		22	13	9	1
B757 300	1				1	1	0	0
B767 300			5		5	0	5	0
Fokker F-50				6	6	6	0	0
Dash 8-200				2	2	2	0	2
Dash 8-100					0	0	0	-1
A-320					1	1	0	0
Samtals	16	4	8	8	37	23	14	2

Eins og sést á yfirlitinu þá er eingöngu notast við Boeing 757 vélar hjá Icelandair og Icelandair Cargo og hafa þær reynst samstæðunni vel enda sem sérhannaðar að viðskiptalíkani félagsins. Að undanfögnu hefur staðið yfir vinna sem snýr að langtímastefnumótun í flugflotamálum félagsins. Unnið hefur verið náið með flugvélaframleiðendunum Airbus og Boeing við greiningu á þeim valkostum sem eru í boði, auk þess er fylgst með þróun hjá öðrum flugvélaframleiðendum. Reiknað er með að ákvörðun um framtíðarflugflota verði tekin á næstu misserum, en þeir möguleikar sem er verið að skoða eru eftirfarandi:

- | Notast eingöngu við Boeing 757 vélar til ársins 2022.
- | Notast við Boeing 757 vélar auk smærri véla.

Eigið fé nam 253,7 milljónum USD í lok annars ársfjórðungs og eiginfjárlutfallið var 31% og jókst miðað við lok annars ársfjórðungs 2011 þegar það nam 29%. Í árslok 2011 var eiginfjárlutfallið 36%. Arðgreiðsla tímabilsins nam 6,3 milljónum USD eða 0,16 USD á hvern hlut.

Vaxtaberandi skuldir námu 167,1 milljón USD, samanborið við 196,9 milljónir USD í ársbyrjun. Afborganir langtímaskulda á öðrum ársfjórðungi námu 3,9 milljónum USD.

Handbært fé og markaðsverðbréf námu samtals 189,1 milljónum USD í lok annars ársfjórðungs 2012 samanborið við 106,7 milljónir USD í byrjun árs.

SJÓÐSTREYMI OG FJÁRFESTINGAR

- | **Handbært fé frá rekstri var 72,2 milljónir USD.**
- | **Niðurgreiðsla langtímalána nam 3,9 milljónum USD.**

Púsundir USD	2. ársfj. 12	2. ársfj. 11	Breyting
Veltufé frá rekstri	38.429	25.198	13.231
Handbært fé frá rekstri	72.214	42.890	29.324
Fjárfestingahreyfingar	-16.826	-13.017	-3.809
Fjármögnunahreyfingar	-10.214	-27.977	17.763
Handbært fé, breyting	45.555	1.953	43.602

Handbært fé frá rekstri á öðrum ársfjórðungi nam 72,2 milljónum USD og jókst um 29,3 milljónir USD miðað við annan ársfjórðung 2011. **Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum** námu 16,7 milljónum USD, þar af námu fjárfestingar í flugvélum og fylgihlutum 10,0 milljónum USD og fjárfesting í hreyflatímum 4,0 milljónum USD. **Fjárfestingar í langtímakostnaði** námu 3,7 milljónum USD, sem allt voru fjárfestingar í leiguhreyflum. **Fjárfestingar í óefnislegum eignum** námu 0,3 milljónum USD. **Afborganir langtímalána** námu 3,9 milljónum USD á fjórðungnum. **Handbært fé** á fjórðungnum jókst um 45,6 milljónir USD. Aukning á sama tímabili á síðasta ári nam 2,0 milljónum USD.

HORFUR Í REKSTRI ICELANDAIR GROUP HF.

- | **Áframhaldandi innri vöxtur á seinni helmingi ársins.**
- | **Uppfærðar forsendur gera ráð fyrir 110-115 milljónum USD í EBITDA á árinu 2012.**

Almennt er gert ráð fyrir minnkandi arðsemi í flugrekstri vegna neikvæðra efnahagshorfa í heiminum og viðvarandi hás eldsneytisverðs. Stærstu markaðssvæði Icelandair Group eru Evrópa og N-Ameríka. Efnahagsástandið á evrusvæðinu er óstöðugt og óvissa ríkir um þróun eftirspurnar og áhrif á meðalfargjöld vegna þess. Horfur fyrir N-Ameríku eru jákvæðari og er búist við að arðsemi þar dragist minna saman. Þrátt fyrir þetta er félagið vel í stakk búið til að takast á við þessar krefjandi ytri aðstæður vegna staðsetningar þess á mörkuðum, sveigjanleika í rekstri, sterks efnahagsreiknings og möguleikum til áframhaldandi innri vaxtar.

Bókunarstaða í millilandaflugi er sterk á seinni hluta ársins og í samræmi við áætlanir um áframhaldandi vöxt. Vegna mikillar eftirspurnar hefur verið aukið töluvert við flugáætlun félagsins á 4. ársfjórðungi samanborið við það sem lagt var upp með í byrjun árs. Horfur í fraktflutningum hafa farið batnandi. Þá gera áætlanir okkar ráð fyrir að ferðamannamarkaðurinn til Íslands verði sterkur á seinni hluta ársins sem hefur jákvæð áhrif á ferðapjónustu.

Staða eldsneytisvarna félagsins í lok júní er dregin fram í töflunni hér á eftir. Taflan sýnir að 39% af áætlaðri notkun á tímabilinu júlí-desember 2012 hefur verið varin með samningum. Auk samningsbundinna varna skilgreinir félagið samspil EUR/USD og eldsneytisverðs sem innri áhættuvörn. Þannig metur félagið að virkni náttúrulegra áhættuvarna á eldsneytisnotkun verði að meðaltali 13% á árinu 2012.

2012	Áætluð notkun (tonn)	Skiptasamn. og valréttir	Meðalverð samninga USD	Hlutfall varið	Valréttir eingöngu	Verð í valréttum USD*
Júlí	23.953	11.800	1.066	49%	4.500	1.150
Ágúst	23.928	11.800	1.068	49%	4.500	1.150
September	18.790	9.200	1.015	49%	3.000	1.150
Október	16.749	5.000	1.050	30%	0	-
Nóvember	13.648	3.000	1.013	22%	0	-
Desember	12.909	2.000	1.006	15%	0	-
Total	109.977	42.800	1.053	39%	12.000	1.150

* eru meðtaldir í dálknum „Skiptasamningar og valréttir“


Stjórn Icelandair Group gerir ráð fyrir að reksturinn muni halda áfram að ganga vel það sem eftir er af árinu og að EBITDA fyrir árið í heild verði á bilinu 110-115 milljónir USD. Sú spá gerir ráð fyrir að gengi EUR gagnvart USD verði að meðaltali 1,25 á tímabilinu júlí-desember. Við mat á eldsneytiskostnaði er notast við raunverð þotueldsneytis í júlí, meðalverð (án tillits til varna) að upphæð 950 USD/tonn í ágúst og 1,000 USD/tonn fyrir tímabilið september-desember.

HLUTHAFAR

- Markaðsvirði félagsins í lok júní var 33,0 milljarðar íslenskra króna.
- Hækkun hlutabréfaverðs á öðrum ársfjórðungi nam 8%

Markaðsvirði félagsins nam 33,0 milljörðum króna í lok annars ársfjórðungs 2012. Lokaverð fjórðungsins var 6,61 krónur á hvern hlut. Hæsta dagslokaverð á hvern hlut á fjórðungnum var 6,66 krónur, lægsta dagslokaverð á hvern hlut var 6,10 krónur og meðaltals dagslokaverð á tímabilinu var 6,43 krónur á hvern hlut. Fjöldi útgefina hlutabréfa þann 30. júní 2012 var 5.000.000.000 og fjöldi útstandandi bréfa á sama tíma var 4.974.540.000. Hlutabréfaverð félagsins hækkaði um 29% á fyrstu sex mánuðum ársins 2012 og fjöldi hluthafa var 1.420 í lok júní.

Hlutabréfaverð og velta - þróun á fyrstu sex mánuðum 2012:



KYNNINGARFUNDUR 10. ÁGÚST 2012

Opinn kynningafundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn föstudaginn 10. ágúst 2012 á Icelandair Hótel Reykjavík Natura. Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, og Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála, munu kynna afkomuna og svara spurningum ásamt öðrum stjórnendum félagsins. Kynningin hefst kl. 17:00. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Icelandair Group: www.icelandairgroup.is og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

SAMÞYKKT ÁRSHLUTAREIKNINGS

Samstæðureikningur Icelandair Group vegna uppgjörs annars ársfjórðungs 2012 var samþykktur á stjórnarfundi þann 10. ágúst 2012. Árshlutareikningurinn var kannaður af KPMG Endurskoðun hf.

FJÁRHAGSDAGATAL

- | Uppgjör 3. ársfjórðungs - vika 44, 2012
- | Uppgjör 4. ársfjórðungs - vika 6, 2013

FREKARI UPPLÝSINGAR VEITA

- | Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, sími: 896-1455
- | Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála Icelandair Group, sími: 665-8801